

Alþingi
Erindi nr. P 139/892
komudagur 10.12.2010



Félag löggiltra
endurskoðenda

Reykjavík 10. desember 2010
Tilvísun FLE 42-2010

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

b/t Kristjönu Benediktsdóttur

Málefni: Frumvarp til laga um skatta og gjöld, 313 mál.

Með tölvupósti dags. 7. desember s.l. óskaði Efnahags- og skattanefnd Alþingis eftir umsögn Félags löggiltra endurskoðenda (FLE) um ofangreint málefni.

Samkvæmt samþykktum félagsins sendi stjórnin ofangreint erindi til álitsnefndar FLE sem tók málið til umfjöllunar.

Álitsnefndin tók málið til umfjöllunar og vill koma eftirfarandi athugasemdum og ábendingum á framfæri:

Í 13. gr. frumvarpsins er lagt til að við lög nr. 90/2003 um tekjuskatt bættist tvö ný ákvæði til bráðabirgða og viljum við gera athugasemdir við nokkur atriði í þeim.

Í a.(I.) lið er lagt til að heimilt verði að dreifa tekjufærslu áður frestaðra tekna á tekjuárin 2010, 2011 og 2012. Það kemur hins vegar ekki fram hvernig beri að dreifa tekjufærslu á þessi þrjú ár. Er framteljanda heimilt að dreifa tekjufærslu að vild eða er miðað við að dreifa tekjufærslu jafnt á árin þrjú ?

Í b.(II.) lið eru lagðar til auknar heimildir til að fresta tekjufærslu vegna eftirgjafar skulda rekstaraðila. Ekki eru gerðar athugasemdir við þær leiðir sem þar eru kynntar. Hins vegar gerum við athugasemdir við eftirfarandi skilyrði sem sett eru fyrir því að nýtar framangreindar heimildir:

- Skattaðili taki ekki þátt í samsköttun
- Sameiningar við önnur félög óheimil
- Skipting í fleiri félög óheimil

Samsköttun:

Ekki er ljóst hvers vegna skattaðila á ekki að vera heimilt að taka þátt í samsköttun og hvort félög sem nú þegar eru í samsköttun þurfi að slíta henni til að

geta nýtt þessar heimildir. Það væri hins vegar mjög óeðlilegt að krefjast þess að félög þurfi að slíta samsköttun til að geta nýtt heimildirnar.

Sé það hins vegar tilgangur laganna að félögum verði ekki heimilað að vera samsköttuð með öðrum félögum er það sérstakt ákvæði og tilgangur þess ekki ljós. Samkvæmt núgildandi lögum er einungis heimilt að nýta yfirfæranlegt skattalegt tap sem myndast í félögum fyrir samsköttun í því félagi þrátt fyrir samsköttunina og eftir nýtingu allra skattalegra tapa samskattaðra félaga sem hafa myndast hefur eftir að heimild til samsköttunar var samþykkt. Lagt er til að þetta skilyrði verði fellt niður.

Sameining:

Í lögum um tekjuskatt eru ákvæði sem takmarka heimildir félaga til að nýta yfirfæranlegt skattalegt tap við samruna. Ákvæðin eru þess eðlis að þau eiga að koma í veg fyrir sameiningar sem hafa þann eina tilgang að nýta yfirfæranlegt skattalegt tap. Í núverandi rekstrar- og efnahagsumhverfi er unnið að endurskipulagningu og hagræðingu í mörgum fyrirtækjum. Einn valkostur í endurskipulagningu og hagræðingu fyrirtækja er að sameina rekstrareiningar og fyrirtæki og það verður að telja mög óeðlilegt að ákvæði í lögum um tekjuskatt geti haft þau áhrif að eðlilegar og skynsamlegar hagræðingaraðgerðir verði ekki framkvæmdar. Lagt er til að þetta skilyrði verði fellt niður.

Skipting:

Með tilvísun í umfjöllun um samruna félaga er því með sömu rökum andmælt að skipting félaga sé ekki heimiluð. Í stað þess að skiptingar séu óheimilar þá væri hægt að hafa ákvæði um að við skiptingu félags verði horft til samanlagðra ótekjufærðra eftirstöðva niðurfelldra skulda þeirra félaga sem að skiptingunni komu þegar metið er hvort eftirstöðvarnar séu hærri en 500 millj. kr. Komi í ljós að eftir gjöf sé hærri en 500 millj. kr. þá tekjufærist hún í sömu hlutföllum og skattalegt eigið fé skiptis samkvæmt skiptingaráætlun.

Til viðbótar eru hér nefnd atriði sem lagt er til að tekin verði upp í frumvarpið í meðförum Alþingis.

Þau atriði sem hér um ræðir eru umdeild og hafa valdið erfiðleikum í túlkun og framkvæmd vegna þess hversu óskýr þau eru.

Skattlagning arðs hjá starfandi hluthöfum:

Meginregla skattlagningar á réttilega úthlutuðum arði í hendi manna (hluthafa) skattleggst sem fjármagnstekjur. Frá þeirri megin reglu var lögfest eftirfarandi frávik á árinu 2009 með lögum nr. 128/2009, en þar segir í 3. gr. : „*Hjá þeim skattaðilum sem skylt er að reikna sér endurgjald skv. 2. mgr. 1. tölul. A-liðar 7. gr. skal tekja til tekna sem laun skv. 1. tölul. A-liðar 7. gr. 50% af heimilum úthlutum arði samkvæmt lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög, að því marki sem heimil arðsúthlutun félagsins er samtals umfram 20% af skattalega bókfærðu eigin fé þess í árslok viðmiðunarárs.*“

Framangreind lagabreyting hefur verið gagnrýnd harðlega vegna þeirrar óvissu sem hún setur um arðgreiðslur úr félögum þar sem hluthafar eru fleiri en einn og eins þar sem einungis hluti hluthafa starfar við félagið, en aðrir hluthafar ekki og sem eru jafnvel lögaðilar. Óvissan snýr fyrst og fremst að því að nákvæmar skilgreiningar vantar á því hverjir falla undir þessa nýju reglu og hvernig reikna eigi skattalegt eigið fé. Með umfjöllun þessari er kallað eftir slíkum

skilgreiningum. Ef skynsamlegar skilgreiningar verða lögfestar má búast við að sú gagnrýni sem ákvæðið hefur fengið hljóðni. Hér á eftir fer ítarleg umfjöllun um þau álitamál sem ákvæðið veldur:

Við framangreinda lagabreytingu vaknar spurning um það hverjum sé skylt að reikna sér endurgjald. Reglur um reiknað endurgjald eru settar skv. 3. málsl. 1. mgr. 58. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt. Þau atriði í greininni sem máli skipta vegna eftirfarandi umfjöllunar eru: *Endurgjald fyrir vinnu manns, sem reikna skal sér endurgjald skv. 2. mgr. 1. tölul. A-liðar 7. gr., skal eigi vera lægra en launatekjur hans hefðu orðið ef unnið hefði verið fyrir ótengdan eða óskyldan aðila. Sama gildir um endurgjald fyrir starf maka manns, barns hans innan 16 ára aldurs á tekjuárinu, venslamanns hans eða nákomins ættingja. Ríkisskattstjóri setur árlega við upphaf tekjuárs reglur um reiknað endurgjald og birtir þær að fenginni staðfestingu fjármálaráðherra. Við ákvörðun lágmarksendurgjalds skal höfð hliðsjón af raunverulegum tekjum fyrir sambærileg störf að viðbættum hvers konar hlunnindum og skiptir ekki máli hvernig þau eru greidd eða í hvaða formi þau eru.*

Ákvæði 1. og 2. mgr. skulu gilda um starf á vegum lögaðila eftir því sem við getur átt, enda vinni maður við atvinnurekstur lögaðila þar sem hann, maki hans, barn eða nákomnir ættingjar eða venslamenn hafa ráðandi stöðu vegna eignar- og stjórnunaraðildar.

Eftirfarandi umfjöllun um reiknað endurgjald er að finna á heimasíðu ríkisskattstjóra (einungis þær greinar sem máli skipta við umfjöllunina fara hér á eftir): *Reglur þessar eru til viðmiðunar fyrir reiknað endurgjald fyrir vinnu manns, sem vinnur við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, eða starfar á vegum sameignarfélags, einkahlutafélags eða hlutafélags eða á vegum tengdra félaga (dótturfélaga, hlutdeildar-félaga) þar sem hann hefur ráðandi stöðu vegna eignar- eða stjórnunaraðildar ef launatekjur af því starfi teljast vera lægri en hann hefði haft ef unnið hefði verið fyrir ótengdan eða óskyldan aðila.*

Tengsl milli launþegans og vinnuveitandans til að reikna skuli endurgjald samkvæmt reglum þessum teljast vera fyrir hendi þegar sá sem launin tekur eða ætti að taka telst vera ráðandi aðili vegna eignar- eða stjórnunaraðildar. Maður telst ráðandi aðili ef hann sjálfur, maki hans, vensla-maður eða annar nátengdur aðili er í stjórn félagsins eða framkvæmdastjórn þess eða ef hann, einn eða ásamt maka eða öðrum tengda- og venslamönnum eða samstarfsmönnum, á það stóran hluta í félaginu að ætla megi að það hafi áhrif á ákvörðun launanna.

Í framangreindum lagatextum og umfjöllunum um textana í athugasemdum við lagafrumvörp og/eða einstakar greinar kemur skýrt fram að ákvæðin í greinum um reiknað endurgjald eiga að ná til einstaklinga sem stunda atvinnurekstur. Í textanum er vísað til manna sem stunda atvinnurekstur, maka þeirra, barna, ættingja og annarra nákomna venslamanna. Þegar ákvæði um starfsemi sem rekin er í sameign með öðrum er sett í lögina kemur skýrt fram að ekki sé um efnis-breytingu að ræða á gildandi reglum. Einnig ljóst að reglum þessum er ætlað að koma í veg fyrir að einstaklingar sem stunda atvinnurekstur geti reiknað sér laun sem eru verulega lægri en þeir myndu hafa ef þeir væru í starfi hjá ótengdum aðilum.

Ekki fæst staðist að ef allir hluthafar starfa hjá félagi feli það sjálfkrafa í sér að þeir falli undir skilgreiningu um ráðandi aðila vegna eignar- og

stjórnunaraðildar sem beri að reikna sér endurgjald. Eftir því sem fjöldi hluthafa vex verða áhrif hvers hluthafa að sjálfsögðu minni og möguleiki hans til að hafa áhrif á daglegar ákvarðanir í félagi því minni. Ef félög sem hafa 10 hluthafa, 100 eða 1000 hluthafa þurfa að sæta því að allir hluthafar saman myndi slíkan hóp þannig að þeim beri að reikna sér endurgjald gengur ekki upp. Má þar nefna að hvergi í lögunum er getið um hóp hluthafa sem vinna hjá félagi. Einungis er fjallað um mann, maka hans, börn og venslamenn. Af því má ráða að vilji löggjafans standi einungis til þess að ná til slíkra aðila og tryggja að þeir reikni sér ekki lægri laun en eðlilegt getur talist.

Eftir stendur óvissa um hverjir teljist falla undir reglur um reiknað endurgjald. Til að taka af öll tvímæli er nauðsynlegt að skilgreina nákvæmlega hugtakið „ráðandi aðili vegna eignar- og stjórnunaraðildar“.

Varðandi skilgreiningu á skattalegu bókfærðu eigin fé þá má segja að til greina komi að reikna það út eftir a.m.k. tveimur aðferðum. Annars vegar í samræmi við útreikning á gamla eignarskattsstofninum þar sem t.d. fasteignir eru færðar á fasteignamati og hlutabréf á nafnverði og hins vegar í samræmi við það hvernig eigið fé félagsins væri ef ársreikningurinn væri gerður í samræmi við skattalög. Það getur verið verulegur munur á skattalegu eigin fé félags eftir því hvor aðferðin við útreikning er notuð og nægir þar að nefna sem dæmi um félag sem fjárfest hefur í hlutabréfum á markaði fyrir 10,0 millj. kr. þar sem gengi hlutabréfa er t.d. 10, en þá er útreikningur mismunur á eigin fé 9.0 millj. kr. Sama má segja um fasteignir þar sem annar vegar en notast við afskrifað stofnverð og hins vegar fasteignamat í árslok hvers árs.

Fjárkröfu breytt í hlutafé:

Með breytingum sem gerðar voru á lögum um tekjuskatt með lögum nr. 104/2010 var tveimur ákvæðum til bráðabirgða bætt við lögin. Í þeim er kveðið á um skattalega meðferð eftirgjafar skulda. Það fyrra fjallar um rekstrarskuldir en hið síðara um skuldir utan rekstrar. Í fyrra ákvæðinu segir m.a.: *Taki kröfuhafi hlutafé í hinu skuldsetta félagi sem gagngjald fyrir kröfu í stað eftirgjafar skal það talið fullnaðargreiðsla hennar, nema að því marki sem eftirgjöf skuldar er færð til tekna hjá skuldara að teknu tilliti til 1. mgr.*

Í athugasemdum frumvarps til breytingalaganna segir um þetta ákvæði: *Misjöfn sjónarmið hafa verið uppi um það hvernig fara ber með kröfu þegar henni er breytt í hlutafé og legið hefur fyrir að verðmæti hlutafjárins á þeim tíma hefur verið talið minna en nemur nafnverði kröfunnar. Lagt er til að tekin verði af öll tvímæli um þetta þannig að þegar kröfu er að öllu leyti breytt í hlutafé við aðstæður sem hér er lýst, þá teljist krafan í heild sinni vera kaupverð hlutafjárins. Sé hluta af kröfu breytt í hlutafé og hluti af henni er afskrifaður ber skuldara að tekjufæra sömu fjárhæð og kröfuhafi afskrifar til gjalda, enda séu uppfyllt almenn skilyrði fyrir gjaldfærslunni.*

Þegar skuldum félags við kröfuhafa hefur verið breytt í hlutafé í félaginu verður að líta svo á að félagið hafi með því greitt þær skuldir að fullu. Hvorki kæmi þá til gjaldfærslu tapaðra krafna hjá kröfuhafanum né tekjufærslu skuldara á eftirgefinni skuld. Þar sem kröfuhafinn hefur þá að fullu fengið kröfur sínar greiddar ber honum á því tímamarki að tekjufæra í skattskilum þann hluta affalla vegna kaupa krafanna, sem ekki hefur þá þegar verið tekjufærður.

Fram hefur komið í viðtölum við starfsmenn ríkisskattstjóra og fjármálaráðuneytis að það hafi ekki verið tilgangur með lagasetningunni að skattleggja fjármálafyrirtæki, sem breyta kröfum sínum í hlutafé, vegna tekjufærslu affalla sem ekki eru raunverulegar tekjur. Við höfum einnig fengið þær upplýsingar að unnið sé að breytingum á þessu ákvæði til að taka af ölli tvímæli um túlkun þessa ákvæðis. Umfjöllun þessi er fyrst og fremst sett fram til að leggja áherslu á mikilvægi þess að leiðrétta framangreint ákvæði.

Virðingarfyllt,
f.h. Félags löggiltra endurskoðenda

Sigurður B. Arnþórsson
Framkvæmdastjóri FLE